

Mál nr. 98/2016
vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á gatnamótum Böggvisbrautar og Hólavegar á Dalvík þ. 14.1.2016.

Gögn.

1. Málskot móttengið þ. 29.3.2016
2. Bréf V-1 dags. 10.2. og 12.4.2016 ásamt fylgiskjali
3. Bréf V-2 dags. 7.4.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-5

Málsatvik.

Árekstur varð á gatnamótum Böggvisbrautar og Hólavegar á Dalvík. Bifreiðinni A var ekið norður Böggvisbraut og beygt til hægri inn á Hólaveg og svo snúið þar við til þess að aka suður Böggvisbraut þegar árekstur varð við B, sem einnig var ekið norður Böggvisbraut. Umferð um Böggvisbraut nýtur forgangs gagnvart umferð um Hólaveg. Ökumaður A segir í lögregluskýrslu að hann hafi gefið stefnuljós til hægri þegar hann hafi beygt inn á Hólaveg og síðan gefið stefnuljós til vinstri þegar hann hafi verið að beygja aftur inn á Böggvisbrautina. Ökumaður A mætti síðar til skýrslutöku hjá lögreglu að eigin frumkvæði og sagði ekki rétt eftir sér haft í frumskýrslu lögreglu og segist hafa verið byrjaður að beygja til vinstri þegar B hafi verið ekið framhjá og utan í vinstra framhorn A. Í bréfi segir ökumaður A að hann hafi aldrei gefið stefnuljós til hægri og ekki beygt niður Hólaveg né tekið sveig til hægri á gatnamótunum, hann hafi ekið yfir gatnamótin og gefið stefnuljós til vinstri og byrjað að beygja til vinstri á mjög lítilli ferð eftir að hafa gætt ítrustu varúðar varðandi umferð sem á eftir kynni að vera. Ökumaður B segist hafa séð þegar A var beygt inn á Hólaveg og síðan allt í einu séð að A var beygt aftur inn á Böggvisbraut í veg fyrir B.

Álit.

Miðað við fyrirbyggjandi gögn er ekki unnt að miða við aðra atvikalýsingu en fram kemur í frumskýrslu lögreglu og framburð ökumanna þar varðandi aðdraganda árekstursins. Af þeim gögnum og framburðum virtum verður öll sök lögð á ökumann A, sem tók U beygju með röngum hætti auk þess sem hann virti ekki biðskyldu fyrir umferð af Hólavegi inn á Böggvisbraut.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök

Reykjavík 7.6.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.